

Bjargráðasjóður

Ársreikningur 2021

Bjargráðasjóður
Hagatorgi Bændahöll
107 Reykjavík
kt. 460169-6669

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar.....	9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bjargráðasjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Staðfesting vegna annara ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Löggiltur endurskoðandi

Garðabæ, 4. mars 2022

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.



Agnar Páll Ingólfsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Stjórn Bjargráðasjóðs var skipuð þann 22. mars 2018.

Rekstur ársins 2021

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu nam 6,7 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 218,1 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Á árinu 2021 var starfsemi sjóðsins með hefðbundnum hætti. Styrkir vegna tjóna voru alls tæplega 1.1 milljón króna, einkum vegna skriðufalla.

Síðla árs urðu þó stórtjón vegna skriðufalla í Út-Kinn í Þingeyjarsýslu. Umsóknir hafa borist sjóðnum vegna þeirra en afgreiðslu þeirra eða greiðslu styrkja var ekki lokið í árslok. Samkvæmt frummati má ætla að upphæðir styrkja gangi á eigið fé sjóðsins og því verði nauðsynlegt að leita til stjórnvalda um aukafjármagn til að mæta því. Afgreiðslu umsókna um styrki vegna nokkurra smærri tjóna var heldur ekki lokið í árslok 2021.

Stjórn sjóðsins hefur náð samkomulagi við Náttúruhamfaratryggingu Íslands um að hún taki að sér umsjón með rekstri sjóðsins og fyrirsvar fyrir hann. Gera má ráð fyrir að sá samningur taki gildi á fyrsta ársfjórðungi ársins 2022. Að öðru leiti verður starfsemin með svipuðu sniði enda gildandi lög um sjóðinn nr. 49/2009 óbreytt.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á eigin fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. mars 2022

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs.....		8.300.000	454.182.348
Rekstrartekjur alls		8.300.000	454.182.348
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....		5.732.772	9.751.437
Vaxtagjöld.....		(666)	(6.440)
Fjármagnstekjuskattur.....		(2.246.885)	(984.720)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls		3.485.221	8.760.277
Samtals		11.785.221	462.942.625
Styrkveitingar			
Tjónabætur - Almenn deild.....		1.074.218	441.962.071
Styrkveitingar alls		1.074.218	441.962.071
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3	1.118.892	1.068.120
Annar rekstrarkostnaður.....		2.900.112	6.958.552
Rekstrargjöld alls		4.019.004	8.026.672
Samtals		5.093.222	449.988.743
Afkoma ársins		<u>6.691.999</u>	<u>12.953.882</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Skuldabréfasjóður hjá Landsbanka Íslands		201.957.999	199.280.433
Áhættufjármunir og langtímakröfur alls		<u>201.957.999</u>	<u>199.280.433</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur - Ríkissjóður Íslands		0	445.882.348
Handbært fé			
Handbært fé	2	24.309.725	10.410.569
Veltufjármunir alls		<u>24.309.725</u>	<u>456.292.917</u>
Eignir samtals		<u>226.267.724</u>	<u>655.573.350</u>
Eigið fé og skuldir	Skýr	2021	2019
Eigið fé			
Eigið fé frá fyrra ári - Almenn deild		211.395.399	198.441.517
Framlög umfram ráðstöfun ársins - Almenn deild		6.691.999	12.953.882
Eigið fé alls		<u>218.087.398</u>	<u>211.395.399</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.136	2.215.880
Ríkissjóður Íslands		8.179.190	0
Ógreiddar tjónabætur		0	441.962.071
Skammtímaskuldir alls		<u>8.180.326</u>	<u>444.177.951</u>
Skuldir samtals		8.180.326	444.177.951
Eigið fé og skuldbindingar samtals		<u>226.267.724</u>	<u>655.573.350</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		<u>6.691.999</u>	<u>12.953.882</u>
Hreint veltufé frá rekstri		6.691.999	12.953.882
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		<u>445.882.348</u>	<u>(445.882.348)</u>
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>(435.997.625)</u>	<u>443.303.098</u>
		9.884.723	(2.579.250)
	Handbært fé frá rekstri	<u>16.576.722</u>	<u>10.374.632</u>
Breyting á handbæru fé		16.576.722	10.374.632
Handbært fé í byrjun tímabils	2	<u>209.691.002</u>	<u>199.316.370</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>226.267.724</u></u>	<u><u>209.691.002</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	945.000	900.000
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	173.892	168.120
	<u>1.118.892</u>	<u>1.068.120</u>

4. Önnur mál

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórn sjóðsins hefur samþykkt og greitt styrkumsóknir.

Stjórn hefur samið við Náttúruhamfaratryggingu Íslands um að taka að sér umsjón með rekstri sjóðsins í umboði stjórnarinnar. Báðir aðilar hafa undirritað samninginn og hann hefur verið staðfestur af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Sundurliðanir

Rekstrargjöld	2021	2020
Rekstrargjöld greinast þannig:		
Tjónabætur, Almenn deild		
Bætur vegna kal- og fóðurtjóna	0	381.383.959
Bætur vegna girðinga	609.640	60.578.112
Bætur vegna skriðufalla	464.578	0
	<u>1.074.218</u>	<u>441.962.071</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun, stjórn og starfsmaður	945.000	900.000
Launatengd gjöld	173.892	168.120
	<u>1.118.892</u>	<u>1.068.120</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Hýsing tölvupósts, innranet, Office-pro, fjarvinnsla o.fl.	109.279	141.210
Framkvæmdastjórn skv. samn. við BÍ	0	1.876.000
Bókhalds- og gjaldkerapjónusta o.fl. skv. samningi við BÍ	468.000	436.800
Endurskoðun	584.784	528.790
Aðkeypt þjónusta v/ úttekta á tjónum	938.425	3.182.140
Umsýsluþóknun	799.624	793.612
	<u>2.900.112</u>	<u>6.958.552</u>